

**2009 nr. 12 11. mars****Lög um afnám laga nr. 141/2003, um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, með síðari breytingum, og breyting á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum**

Tóku gildi 25. apríl 2009.

**I. kafli. Afnám laga nr. 141/2003, um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara.**

- **1. gr.** Lög nr. 141/2003, um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, sbr. lög nr. 169/2008 um breytingu á lögum nr. 141/2003, falla úr gildi.
- **2. gr.** Prátt fyrir ákvæði 1. gr. skulu ákvæði laga nr.

141/2003 halda gildi sínu gagnvart hæstaréttardómurum sem skipaðir hafa verið í Hæstarétt fyrir gildistöku laga þessara sem og núverandi forseta Íslands.

- **3. gr.** Nú hefur maður öðlast eftirlaunarétt samkvæmt lögum nr. 141/2003 og heldur hann þá þegar áunnum réttindum.

□ Nú gegnir sá sem fær greidd eftirlaun samkvæmt lögum nr. 141/2003, eða samkvæmt eldri lögum er giltu um eftirlaun alþingismanna og ráðherra fyrir 30. desember 2003, starfi á vegum ríkisins, stofnana þess eða félaga í meirihluta-eigu þess, og koma þá launagreiðslur fyrir það starf að fullu til frádráttar eftirlaunum.

□ Þingfararkaup og biðlaunagreiðslur alþingismanna sem ljúka þingsetu og ráðherra sem láta af störfum í kjölfar kjör-dags 25. apríl 2009 mynda eftirlaunaréttindi samkvæmt lögum nr. 141/2003.

**II. kafli. . . .**

- **5. gr.** Lög þessi öðlast gildi 25. apríl 2009.